

# Áveitan

4. tbl. 4. árgangur. Apríl 2010



## Þingborgarmót

Hið árlega Þingborgarmót fer nú að nálgast þar sem Umf. Baldur, Umf. Skeiðamanna, Umf. Samhygð og Umf. Vaka keppa.

Mótið er fyrir krakka sem eru 16 ára og yngri og er keppt í aldursflokkum. Mótið verður haldið í Þingborg þann 1. maí og hefst stundvíslega kl.10:00. **Athugið breyttan tíma.**

Ágætt væri að mæta örlítið fyrir og hita vel upp fyrir þetta skemmtilega mót.

Fjölmennið krakkar og munið að skráning er á staðnum.

### **ATH ATH!**

**Frjálsíþróttæfing fyrir eldri hópinn (8. bekk og eldri) fellur niður miðvikudaginn 31. mars.**

**Þjálfarar.**



## Fréttir frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

**Aðalfundur** kvenfélagsins var haldinn 14. mars í Þjórsárverri. Formaður kvenfélagsins Valgerður Gestsdóttir gaf kost á sér til áframhaldandi formannsstarfa og var fagnað vel. Hún las skýrslu formanns vegna starfsársins 2009 og var heilmikið um að vera í félagsstörfum. Hún sagði frá Fjöri í Flóa sem var skemmtilegt að vanda og lögðu margar konur fram starfskrafta sína og ákveðið að halda nær óbreyttu sniði í ár. Gefnar voru gjafir á árinu m.a. til Ljósheima og í sónarsjóðinn á HSu. Lilja Böðvarsdóttir gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum en í fyrsta skipti í mörg ár var innkoma lægri en útgjöld, vegna þessara veglegu gjafa. Rætt var um að styrkja þær fjölskyldur sem eiga erfitt og hafa nú verið afhentar kr: 400.000,- til Rauða Kross Íslands, Árnesingadeildar en þar rennur þessi upphæð í sjóðinn góða, sem er samstarfsverkefni kvenfélaganna, sóknanna og Rauða krossins. Valin var nefnd til að endurskoða veitingar til sölu og ákveða verð. Á síðasta ári var gefin út uppskriftabókin Bakað og matreitt í 90 ár. Almenn ánægja var með þessa bók og er hún til sölu hjá formanni á kr: 1.500,-. Anna Fía á Skálatjörn var valin í nefnd hjá SSK og sagði frá að nefndin hefði ákveðið að halda galakvöld 8. maí n.k. í Félagslundum fyrir konur innan SSK, og er það gert vegna 80 ára afmælis KÍ. Sólveig á Skúfslæk bar upp erindi sem barst, vangaveltur vegna lítillar aðsóknar í aðventukaffi eldri borgara í hreppnum. Nokkuð var rætt um þetta, mikið hefur verið lagt í þetta kaffi, með bakstri, skemmtiatriðum o.fl. og síðan ákveðið að við værum ekki mótfallnar því að þetta aðventukaffi yrði lagt af. Halla í Kolsholti bar upp hvort ekki væri rétt að endurskoða lög kvenfélagsins, en þau voru síðast endurskoðuð 1960, og var ákveðið að Halla og Sólveig tækju það að sér. Kristín á Hurðarbaki er hífumeistari hjá okkur og upplýsti hún að 42 hífum hefði verið skilað frá okkur og þó nokkuð fleiri liggja á heimilum þar sem staðið hefur á merkimiðum. Þetta er frábært verkefni og K.Í. var tilnefnt til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins vegna þessa, og fékk viðkenningu. Samþykkt var að kvenfélagið mundi styrkja hífuverkefnið þannig að þær sem þrjú meira en 6 hífur fá greitt fyrir garnið sem þær nota. Fram kom að kvenfélagið hefði verið beðið um að styrkja byggingu reiðhalla Sleipnis á Selfossi.

Nokkrar umræður urðu en var svo samþykkt að vera vonandi fyrsta kvenfélagið til að styrkja bygginguna! Árgjald kvenfélagsins er óbreytt kr: 1.500,- en ákveðið að hækka árgjald í kr: 2.000,- á næsta ári.

Þetta eru helstu fréttir af okkar aðalfundi.

*Konur: Fjölmennum á galakvöldið í Félagslundi 8. maí.*

Sólveig á Skúfslæk, ritari

## **Vegna árgjalds**

Árgjald kvenfélagsins vegna ársins 2010 er kr: 1.500,- Þær sem ekki eru búnar að borga, vinsamlega leggið inn á reikning kvenfélagsins: 0152-26-12971, kt: 560692-2189.

Bestu kveðjur, Lilja á Urriðafossi, gjaldkeri

## **Opið hús**

Fanney á Hurðarbaki býður okkur í opið hús föstudagskvöldið 9. apríl eftir kl. 21. Hittumst hressar og munum eftir bakkelsinu!

## **Flóamarkaður á Fjör í Flóa**

Kvenfélag Villingaholtshrepps ætlar eins og áður að standa fyrir markaði, og óskum við nú eftir hinu og þessu sem fólk vill losa sig við eða ætlar að henda. Allur ágóði rennur til góðgerðamála. Safnið nú saman í kassa handa okkur þegar vortiltektin fer í gang :)

Tekið verður við dóti í eldhúsinu í Þjórsárveri f.h.alla virka daga fram að Fjör í Flóa. Upplýsingar gefa Didda s. 4863404, Kristín s.4863317 og Elfa s.8928295.



## **Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps**

Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn sunnudagskvöldið 11. apríl í Þjórsárveri og hefst kl. 21:00. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Félagsmenn eru hvattir til að mæta og nýir félagar eru velkomnir.

Stjórnin

### **Áveitan í Flóahreppi**

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

**Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja.  
Nýsmíði, viðhald, breytingar.  
Erum með traktors- og beltagröfu.**

# **Kríutangi ehf**

## **Vorsabæ**

**Stefán Helgason Húsasmíðameistari**

**S:893-4933**

## Krakkaborgarfréttir

Nú þegar daginn er farið að lengja leitar hugurinn ósjálfrátt til næstu árstíðar eða vorsins sem gengur í garð áður en langt um líður. Birtunnar sem er okkur öllum lífsnauðsynleg hvort sem heimkynni hennar eru í huglægum veruleika okkar eða þeim hlutlæga. Eitt er víst að það er svo sannarlega bjart yfir okkur hér í Krakkaborg enda eru börn sannir gleðigjafar. Við sem störfum með börnum njótum því sérstakra forréttinda. Forréttinda sem m.a. felast í því að hafa greiðan aðgang að gleðinni og þeirri birtu sem henni fylgir.

Margt hefur verið brallað í leikskólanum og gaman er að segja frá því að þorablót Krakkaborgar sem haldið var 27. janúar tókst í allastaði mjög vel. Í hádeginu var boðið upp á þennan líka fina þorramat, hangikjöt, kartöflur, rófustöppu, slátur, sviðasultu, hákarl og harðfisk. Börnin tóku vel til matar síns og bjuggu einnig til þjóðlegar kórónur sem þau skörтуðu þann daginn. Það var því fríður hópur barna sem tóku þátt í söngfundi þar sem þorralögin voru alsráðandi.

Dagur leikskólans var haldinn hátíðlegur hér í leikskólanum mánudaginn 8. febrúar. Af því tilefni slógum við til pizzuveislu og buðum uppá andlitsmálningu fyrir þau börn sem það vildu. Þennan dag voru því allskonar furðuverur í leikskólanum, allnokkrar prinsessur sem og ofurhetjur af öllum gerðum. Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla en þann 6. febrúar árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Markmiðið verkefnisins er að beina sjónum að leikskólanum og því gróskumikla og mikilvæga starfi sem þar fer fram, hvetja til aukinnar umræðu um leikskólastarf og gera það sýnilegra.

Mánudaginn 15. febrúar eða á Bolludaginn var að venju boðið uppá ljúffengar rjómobollur með súkkulaði og óhætt er að segja að börnin kunnu svo sannarlega að meta slíkt góðgæti. Þau voru ekki síður dugleg að taka til matar síns á Sprengidag og alveg ljóst að þessi dagur bar nafn með rentu hér í leikskólanum. Öskudagur var ansi líflegur eins og gefur að skilja. Öskudagsball var haldið í Þingborg þar sem hinar ýmsu kynjaverur slógu köttinn úr sekknum, sungu, dönsuðu og léku sér saman. Dagurinn tókst í alla staði mjög vel sem merkja mátti á glöðum andlitum barnanna.

Samstarf leik- og grunnskóla Flóahrepps hefur gengið mjög vel en frá og með febrúarmánuði fara elstu nemendur leikskólans tvisvar sinnum í mánuði í heimsókn í Flóaskóla eða fram að byrjun vorskóla sem er í maímánuði. Í markvissri málörvun í febrúar vorum börnin m.a. að læra um stafinn v-V. Þau fengu vinnublað með stafnum á og sporuðu litla og stóra -v. Einnig sömdu þau sögu í samvinnu við Rannveigu með fullt af orðum í sem byrja á -v. Sagan heitir Vala og veiðimaðurinn og er svona:

**Einu sinni var stúlka sem hét Vala. Hún fór í göngutúr og þá sá hún veiðimann. Veiðimaðurinn var búinn að veiða einn fisk og sagði að hann ætlaði að fara heim til sín og hugsa um barnið sitt sem var í vögginni sinni. Hann kom heim og fékk sér kaffisopa og vakti litla barnið og barnið fór að vola. Veiðimaðurinn skipti um bleiu á litla barninu og svo fór litla barnið að leika sér. Veiðimaðurinn setti blóm í vasa og tók svo litla barnið með sér að veiða og fór svo í vitann. Höfundar: Ágúst, Einar, Freyja Kristín, Guðmunda Briet, Heinz Jóhann og Sæþór.**

Í byrjun mars hófst svokallað litapema hjá okkur þar sem hver vika verður tileinkuð ákveðnum lit. Miðvikudagar munu vera svokallaðir litadagar þar sem við gerum okkur glaðan dag og mætum í leikskólann í einhverju sem tengist lit vikunnar.

Mikið hefur verið um heimsóknir í Krakkaborg. Meðal annars kom starfsfólk leikskólans að Laugarlandi í Holtum til okkar, Undralandi í Hveragerði sem og tveir leikskólakennarar frá Hulduheimum ásamt þremur leikskólakennaranemum. Einnig kom sveitastjórn Flóahrepps og fulltrúar fræðslunefndar og skoðuðu leikskólann. Miðvikudaginn 17. mars komu síðan nemendur 8. bekkjar Flóaskóla til okkar. Það var virkilega gaman að sýna þessum góðu gestum leikskólann enda erum við afar stolt og af honum.

Mánudaginn 1. mars luku Karen Viðarsdóttir og Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir formlega svokölluðu ART- þjálfunarnámskeiði á vegum Skólaskrifstofu Suðurlands er við sóttum haustið 2009. Hluti af því að öðlast þessi ART þjálfunarréttindi fólust í því að kenna 12 vikna ART- námskeið fyrir elstu börn leikskólans, útbúa kynningarmyndbandi og skila inn skýrslu um ferlið. Það er sérlega ánægjulegt að segja frá því að Bjarni Bjarnason ART þjálfari og verkefnastjóri ART á Suðurlandi hafði samband við okkur og óskaði eftir því að fá að nota kynningarmyndband Krakkaborgar sem og ART skýrsluna sem kennsluefni á komandi námskeiðum fyrir leikskólakennara. Við urðum að sjálfsögðu við beiðni hans og erum afar sáttar við þá viðurkenningu sem í henni felst. Í enda febrúarmánaðar hófu þær Sigríður María Skúladóttir og Ellen Bachmann Lúðvíksdóttir ART þjálfunarnámskeið og fóru af stað með tólf vikna ART námskeið á Tígradeild í marsmánuði. Í lok þessa skólaárs verða því fjórir starfsmenn leikskólans komnir með réttindi sem ART þjálfara og vonandi enn fleiri í framtíðinni.

Miðvikudaginn 3. mars var leiksýningin Pétur og úlfurinn sýnd í Þingborg fyrir nemendur leikskólans og 1.– 4. bekk Flóaskóla. Sýningin er byggð á hinni óviðjafnanlegu sögu og tónverki, „Pétur og úlfurinn” eftir Sergei Prokofiev. Hann samdi þetta fallega tónverk í þeim tilgangi að kenna börnum að

skilja og njóta tónlistar. Bernd færir okkur þetta yndislega ævintýri á formi brúðuleikhúss, þar sem tónlistin er birt myndrænt, með aðstoð handútskorinna leikbrúða sem Bernd stjórnar af sinni alkunnu snilld. Mikil ánægja var með sýninguna bæði hjá börnum og fullorðnum. Það var sérlega ánægjulegt að fylgjast með svipbrigðum barnanna því þau lifðu sig svo vel inni söguna. Við og við heyrðist frá bangsabörnum O – Ó, sér í lagi þegar hætta stafaði af úlfinum. Við í Krakkaborg vorum því hæst ánægð með þessa bráðskemmtilegu og gullfallegu sýningu.

Bestu kveðjur,  
Karen Viðarsdóttir leikskólastjóri

## Fjör í Flóa

Rekstrarstjórn Félagsheimilanna í Flóahrepp er að hefja undirbúning fyrir hina árlegu sveitarhátíð **“Fjör í Flóa”** Hátíðin verður haldin síðustu helgina í maí þ.e. dagana 28., 29. og 30. maí. Þetta er sama helgin og kosið verður til sveitastjórna hér á landi.

Tilgangur hátíðarinnar er aðallega tvíþættur. Annarsvegar að íbúar Flóahrepps, núverandi og fyrrverandi, sem og allir velunnarar og vinir, geri sér einhvern dagamun saman í upphafi sumars. Hinsvegar að vekja athygli á þessu sveitarfélagi með því að kynna sögu þess, náttúrufar, og mannlíf. Sérstaklega er lögð áhersla á að kynna þá fjölbreyttu starfsemi sem hér fer fram og þá þjónustu sem er hér í boði. Eins og undanfarin ár eru einstaklingar og fyrirtæki hvött til þess að taka þátt í hátíðinni og kynna starfsemi sína, framleiðsluvörur eða þjónustu. Hægt er að gera það t.d. með því að hafa opið hús hjá sér þessa helgi, bjóða fólki til sín einhvern ákveðin tíma eða kynna sína starfsemi, vöru eða þjónustu í einhverju félagsheimilinu. Þeir sem vilja taka þátt í þessu eru beðnir að hafa samband við rekstrarstjórn eða einhvern húsvarðanna fyrir 20. apríl n.k.

Í rekstrarstjórn eru: Sigmar Örn Aðalsteinsson Jaðarkoti

Helgi Sigurðsson Súluholti

Anný Ingimarsdóttir Vorsabæjarháleigu

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir Vatnsholti

Svanhvít Hermansdóttir Lambastöðum

Húsverðir eru: Þingborg: Ingibjörg Einarsdóttir Langsstöðum

Þjórsárver: Erling Sæmundson Skálatjörn

Félagslundur: Kristín Ólafsdóttir Gaulverjabæ

Rekstrarstjórnin

## Frá Umf. Vöku:

### **Sumardagurinn fyrsti**

Viðavangshlaup Umf. Vöku verður haldið á Þjórsárbökkum sumardaginn fyrsta, 22. apríl, og hefst kl. 13:30. Skráning fer fram á staðnum og er fólk beðið að **fara ekki af stað í hlaupið fyrr en það hefur skráð sig og fengið númer.**

Að hlaupi loknu er öllum viðstöddum boðið í Þjórsárver þar sem verður stutt dagskrá, veitt verða viðurkenningaskjöl fyrir hlaupið og ungmennafélagið býður í kaffi og meðlæti. Allir eru velkomnir að koma, taka þátt í hressandi hlaupi og fagna þessum fyrsta degi sumars.

Stjórn Umf. Vöku

### **Íþróttadagur**

Umf. Vaka stendur fyrir íþróttadegi í Þjórsárveri, fyrir alla krakka í 7. bekk og eldri föstudaginn 16. apríl n.k. frá klukkan 14-17. Haraldur og Tómas verða á staðnum og standa fyrir hinum ýmsu íþróttagreinum sem svæðið býður uppá. Léttar veitingar verða í boði. Skráning er í síma 865-0526 og er síðasti skráningardagur miðvikudaginn 14. apríl. Vonumst til að sjá sem flesta.

### **Héraðsleikar HSK**

Nokkrir vaskir krakkar úr Umf. Vöku tók þátt á Héraðsleikum HSK sem fóru fram í Iðu á Selfossi 7. mars sl. Allir stóðu sig mjög vel og voru félaginu til sóma. Allir keppendur á mótinu fengu verðlaunapening að móti loknu og fóru ánægðir heim. Úrslit af mótinu má finna á [www.hsk.is](http://www.hsk.is) en þeir sem tóku þátt voru: Alexander, Anna Sigurveig, Dagur Fannar, Elizabeth Karen, Elías Örn, Hugi Snær, Klara Sól, Sigurður Jefferson, Sigurjón og Unnsteinn.

### **Páskabingó**

Við minnum á páskabingóið laugardagskvöldið 3. apríl í Þjórsárveri. Mörg vegleg egg í boði og mikil skemmtun. Bingóið byrjar kl 20:30 og kostar spjaldið 500 kr.

Skemmtinefnd



**Héraðsþing HSK** var haldið í Þingborg 13. mars sl. Flóahreppur bauð til þingsins sem fór í alla staði vel fram. Tveir starfsmenn komu frá Umf. Vöku en það voru Einar H. Haraldsson sem var l. þingforseti og Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir sem var þingritari. Á þinginu var Ingunn Harpa Bjarkadóttir kjörin starfsiþróttamaður HSK fyrir árið 2009.

### **Innanhúsmót Umf Vöku-úrslit**

Langstökk án atr.

Bjarni Már Ólafsson 2,76 m.

Tómas Karl Guðsteinsson 2,35 m.

Arnar Einarsson 1,97 m.

Jóann Páll Smáráson 1,67 m.

Dagur Fannar Einarsson 1,53 m.

Unnsteinn Reynisson 1,33 m.

Sigurjón Reynisson 1,11 m.

Daði Kolviður Einarsson 0,89 m.

Hástökk

Bjarni Már Ólafsson 1,60 m.

Tómas Karl Guðsteinsson 1,40 m.

Jóann Páll Smáráson 1,10 m.

Dagur Fannar Einarsson 0,85 m.

Unnsteinn Reynisson 0,70 m.

Daði Kolviður Einarsson 0,65 m.

Sigurjón Reynisson 0,65 m.

Þristökk án atr.

Bjarni Már Ólafsson 8,52 m.

Arnar Einarsson 5,07 m.

Jóann Páll Smáráson 4,87 m.

Dagur Fannar Einarsson 4,32 m.

Unnsteinn Reynisson 3,81 m.

## *Frá Flóaskóla*

Skóla lauk fyrir páskaleyfi föstudaginn 26. mars með frábærri útfærslu Flóaskóla á rokksöngleiknum GREASE. Allir nemendur skólans komu með einum eða öðrum hætti að sýningunni og sinntu sjálfir gerð sviðsmyndar, saumaskap á búningum, hönnun dansa, vinnu við leikskrár og miðasölu, sjöpurekstri o.fl. Um 230 gestir sóttu sýninguna en sýningartímar voru tveir og var það nýbreytni sem virtist mælast vel til hjá foreldrum nemenda og öðrum gestum. Starfsfólk Flóaskóla kom að undirbúningi með nemendum, þjálfun og leikstjórn og lögðust allir á eitt til að þessi mikla og flotta sýning gæti orðið að veruleika. Hulda Kristjánsdóttir deildarstjóri sá um allt skipulag og samhæfingu og umsjónarkennarar sinntu æfingum með nemendum af miklum myndarskap. Verkgreinakennarar stýrðu vinnu við sviðsmynd, búninga og skreytingu á sal. Þóra Gylfadóttir tónmenntakennari æfði söng og leik með nemendum af mikilli gleði og innlifun og átti auðvelt með að hrífa krakkana með sér. Þetta stóra og flotta verkefni var mikið samvinnuverkefni nemenda og starfsmanna og tókst gríðarvel. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka nemendum og starfsfólki fyrir frábæra samvinnu og einstaka sýningu og þakka öllum gestum okkar fyrir komuna og góðar undirtektir.

Eftir páska eru 7 kennsluvikur til skólaslita og verður tíminn vel nýttur. Nemendur munu sinna lokatörn af dugnaði og metnaði eftir annasamt skólaár. Yfirstandandi skólaár markar tímamót í sögu skólans enda fyrsta árið sem unglingsbökk hefur verið kennt við skólann. Nemendur og starfsfólk bíða af mikilli óþreyju eftir nýju skólahúsnaði sem mun bæta aðstöðu til náms og kennslu verulega.

Nýlega var auglýst eftir kennurum og þroskaþjálfra til starfa við skólann fyrir næsta skólaár og verða umsækjendur kallaðir í viðtöl eftir páskaleyfi. Fjöl margar umsóknir bárust um fáeinar stöður og getur það verið bæði til marks um ástandið í þjóðfélaginu og það orðspor sem fer af skólanum, en margir umsækjendur nefndu það að þeir hefðu mikinn áhuga á að starfa innan veggja Flóaskóla og taka þátt í metnaðarfullu starfi og áframhaldandi uppbyggingu.

Í byrjun mars var haldinn íbúafundur í Flóaskóla á vegum skólaráðs. Fundinn sóttu um 40 manns og var spjallað í litlum hópum um atriði sem okkur finnast skipta máli við mótun framtíðarsýnar fyrir skólastarfið. Skólaráð vinnur nú að úrvinnslu fundarins og mun auglýsa nánar þegar samantekt liggur fyrir.

Stóra upplestrarkeppnin fyrir okkar svæði var haldin í Félagslundum 17. mars sl.

og lenti annar nemenda Flóaskóla, Helga Margrét Höskuldsdóttir, í 2. sæti í keppninni. Við óskum henni til hamingju með góðan árangur.

Ég sendi íbúum Flóahrepps bestu kveðjur um ánægjulega páskahátíð.

Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri

[kristin@floahreppur.is](mailto:kristin@floahreppur.is) / gsm 663-5720

## Messur á páskum

- Skírdagur:** Ferming í Laugardælakirkju kl. 14:00  
Fermdur verður Anton Þór Ólafsson, Tindum.
- Páskadagur:** Ferming í Laugardælakirkju kl. 11:00.  
Fermd verður Lea Björg Ólafsdóttir, Ljónsstöðum.  
Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju kl. 13:30.  
Gaulverjabæjarkirkja: Messa kl. 14:00
- 2. páskadagur:** Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju kl. 13:30

## Harmonikkuball

Pá er komið að því!

Harmonikkufélag Selfoss heldur dansleik í Básnum Ölfusi 21. apríl n.k. (síðasta vetrardag) frá kl. 22:00-02:00. Bændur og búalið, nú er tilvalið að skella sér á dansleik og liðka sig fyrir sauðburð og önnur vorverk, kveðja vetur og fagna sumri.

Fjölbreytt músik, hittumst hress.

HFS

## Aðalfundur Skógræktarfélags Villingaholtshrepps

Aðalfundur Skógræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri fimmtudaginn 8. apríl kl. 20:00. Venjuleg aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir.

Sjáumst sem flest.

Stjórnin.

Ps: Þeir sem ætla að panta sér plöntur geri það sem allra fyrst hjá Þórunni á Vatnsenda.

## Fréttir frá Villingaholtskirkju

Þegar þetta er skrifað í lok mars þá standa yfir lagfæringar á kirkjunni. Húsasmiðirnir Guðmundur og Gísli Kristjánssynir á Skúmsstöðum við Eyrarbakka hafa verið að laga kirkjuna okkar. Þeir opnuðu gólfíð og skoðuðu undirstöður kirkjunnar. Útveggir kirkjunnar eru í lagi, ekki hefur hrunið úr þeim, en aftur á móti hafði hrunið að hluta undan gólfbitum sem eru undir bekkjum. Þeir eru að laga það, og meðal annars losuðu þeir aðeins um hleðslu undir miðbitunum og við það minnkaði halli á altari, sönglofti og gólfi strax um 3-4 cm. Þeir skiptu einnig um gólfborð í anddyri sem voru orðin ónýt. Nú eru þeir búnir að bíða í 3 vikur og munu koma í lok mars og mæla kirkjuna upp aftur, setja styrkingu undir söngsvalir og loka gólfi, þannig að messufært verður um páska. Við þessa skoðun þeirra kom í ljós að gólfborð eiga ekki langan líftíma eftir, eða u.þ.b. 3-5 ár þannig að fyrirséð er að á næstu árum þarf að fara í mjög kostnaðarsamar viðgerðir. Nú er farið að hita kirkjuna og halda henni frostlausri með kjörhitastigi sem er um 10 stig, til að koma í veg fyrir frekari skemmdir.

Heiðurskonan Laufey Guðmundsdóttir í Egilsstaðakoti varð 90 ára þann 20. mars s.l. Hún hélt afmælisfagnað og vildi ekki fá gjafir en í staðinn var hún með söfnunarkassa og átti það sem í kassanum var að renna til Villingaholtskirkju. Þriðjudaginn 23. mars boðaði hún meðhjálpara, formann sóknarnefndar og gjaldkera til sín til að telja upp úr kassanum. Upp úr kassanum komu kr: 44.080,- sem hún afhenti okkur. Kæra Laufey, innilega til hamingju með afmælið og hafðu kæra þökk fyrir velvild þína til kirkjunnar um alla tíð.

**Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar** verður haldinn í Villingaholtskirkju mánudaginn 12. apríl kl. 21.00. Venjuleg aðalfundarstörf. Allir hjartanlega velkomnir.

Fyrirhugað er að haldin verði þjóðbúningaguðsþjónusta á mæðradaginn, sunnudaginn 9. maí 2010.

Við hvetjum sem flesta, konur, karla og börn, til finna nú þjóðbúningana sína eða að fá lánaða þjóðbúninga til að gera daginn sem hátíðlegastan. Nánar auglýst þegar nær dregur.°

Bestu kveðjur,  
f.h. sóknarnefndar Villingaholtssóknar,  
Sólveig á Skúfslæk, gjaldkeri

## Frá Umf. Samhygð

### Skírdagsbingó

Páskaeggjabinó að góðum og gömlum sið verður spilað að kvöldi Skírdags, fimmtudagsins 1. apríl. Spilað verður á Félagslundarloftinu hefst fjörið kl. 20:30. Einnig verður farið yfir það sem er á döfunni í starfi Samhygðar. Allir velkomnir.

### Flóahlaup

Fer fram laugardaginn 10. apríl og hefst kl. 14:00. Keppt er í 3 km hlaupi stráka og stelpna 14 ára og yngri. 5 km opnum flokkum karla og kvenna. Síðan er keppt í flokkum 39 ára og yngri í 10 km hlaupi karla og kvenna og síðan er hver tugur þar fyrir ofan í sér flokkur allt upp í 70+. Skráningargjald 800 kr fyrir 14 ára og yngri og 1500 kr fyrir 15 ára og eldri. Skráð á staðnum. Kaffihlaðborð að hlaupi loknu. Allir velkomnir.

### Bikarglíma Samhygðar

Bikarglíma Samhygðar fór fram á æfingatíma í Félagslundi mánudaginn 22. mars. Sjö keppendur mættu til leiks þetta árið og glímdu þeir í þremur aldursflokkum. Nokkrir áhorfendur fylgdust með glímunni sem var jafnan snarplega glímd af krökkunum sem hafa staðið sig vel við æfingar í vetur. Ólafur Oddur Sigurðsson var yfirdómari en meðdómarar voru þeir Jón M. Ívarsson og Stefán Geirsson en sá síðastnefndi sá einnig um glímustjórn og tímavörslu. Úrslit urðu eftirfarandi:

### Stúlkur

- |                              |        |        |               |
|------------------------------|--------|--------|---------------|
| 1. Guðrún Inga Helgadóttir   | Vöku   | 1,5 v. | Bikarmeistari |
| 2. Hanna Kristín Ólafsdóttir | Baldri | 0,5 v. |               |

### Strákar eldri flokkur

- |                             |         |      |               |
|-----------------------------|---------|------|---------------|
| 1. Þorgils Kári Sigurðsson  | Vöku    | 2 v. | Bikarmeistari |
| 2. Jón Gunnþór Þorsteinsson | Samhygð | 0 v. |               |

### Strákar yngri flokkur

- |                            |         |      |  |
|----------------------------|---------|------|--|
| 1. Þórarinn Guðni Helgason | Samhygð | 2 v. |  |
| 2. Kári Kristinsson        | Samhygð | 1 v. |  |
| 3. Árni Már Ólafsson       | Samhygð | 0 v. |  |

## **Góður árangur hjá Marín Laufey**

Bikarglíma Íslands í kvennaflökum fór fram í íþróttahúsi Melaskóla að kvöldi 3. mars. Samhygð átti þar tvo keppendur, þær Hugrúnu Geirsdóttur og Marín Laufey Davíðsdóttur. Marín og Hugrún kepptu báðar í +65 kg flokki og opnum flokki. Í +65 kg flokki hafnaði Hugrún í 5. sæti af 6 en Marín náði 3. sæti. Í opna flokknum kepptu 5 stúlkur og þar hafnaði Hugrún í 4. sæti en Marín náði þar 2. sæti sem er mjög góður árangur en Marín er að keppa á sínu fyrsta ári í fullorðinsflokki.

## **Önnur glímumót framundan**

10.apríl 2010: Glímuhús Ármanns ( Skellur) Reykjavík  
Grunnskólamót Íslands

Sveitaglíma 16 ára og yngri (Bikarmeistaramót)

Öldungamót GLÍ

10.apríl Kl 17:00 Íþróttahús kennaraháskólans

Íslandsglíman nr100

## **Héraðsþing HSK**

Margrét Valdimarsdóttir var fulltrúi Samhygðar á 100 ára afmælishéraðsþingi HSK í Þingborg þann 6. mars. Stefán Geirsson starfaði við þingið sem 2. þingforseti. Jón M. Ívarsson sem var einn af gestum þingsins hlaut nafnbótina Öðlingur ársins 2009 af stjórn HSK og hlaut viðurkenningu þess efnis á þinginu.

## **Óskilamunir í Félagslundu**

Húsvörður Félagslundar, Kristín í Gaulverjabæ, hefur undir höndum fín klæði, m.a. skinnfeld, sem urðu eftir í húsinu að loknu Hjónaballi Gaulverja. Ef einhver saknar muna síðan á Hjónaballinu skal viðeigandi hafa samband við Stínu í síma 4863380.

## **Kettir í óskilum**

Grá, gul og hvít læða er sest upp í hesthúsinu í Vatnsholti, einnig er svört læða með hvítan blett á hálsi mjög oft í heimsókn og tveir grábröndóttir fressar kíkja annað slagið.

Hafið samband ef þið kannist við þessar kisar, Didda s 4863404.

## Á hjónaballi

Á fyrsta laugardagskvöldi í febrúar héldu Bæhreppingar sitt árlega þorablót í Félagslundi, eða bara hjónaballið eins og það hefur löngum heitið í munni heimamanna. Þar var að vanda húsfyllir, borðin svignuðu undir ljúffengum þorramat og léttari veitingum fyrir þá sem ekki girnast hrúpunga og bringukolla. Skemmtiatriðin voru ekki síðri undir traustri stjórn Kristjáns á Dverghamri. Magga á Velli kom fram í gervi Jóhönnu Guðrúnar ásamt Ingó (Árna í Hamarshjáleigu) og söng upp gestalistann og fengu margir þar sína einkunn. Trausti Hjálmarsson flutti innblásna ræðu um sálarlíf kinda og svo var frumflutt sveitarevía sem lengi verður í minnum höfð. Siggí í Hamarskoti sló í gegn í hluverki Möggu á Velli sem vistmanns á elliheimili Bæhreppinga árið 2034. Þegar „Magga“ lyfti höfði til himins og hló af hjartans lyst, lyftist þakið á Félagslundi, svo hátt hló salurinn með. Þarna var semsagt gaman og þarna voru bændur og búalið og enginn heima að horfa á sjónvarpið. Labbi í Glóru sá um músíkina og samkomugestir svifu um salargólfíð í gömlu dönsunum og þeim nýju langt fram á nóttina.

Þarna hitti ég Þorstein á Velli sem minntist á það við mig að til væri svokallaður Þjóðsöngur Bæhreppinga. Kvæði sem Guðlaug Narfadóttir, húsfreyja í Dalbæ, orti um Bæjarhreppinn undir laginu Blessuð sértu sveitin mín. Þetta kvæði á ég í fórum mínum og Steini hvatti mig eindregið til að fá það birt í Áveitunni. Mér er ljúft að verða við þeirri bón og hér kemur kvæðið hennar Guðlaugar sem ber nafnið Sveitin mín. Guðlaug Narfadóttir (1897-1984) var merkiskona sem bjó ásamt Hirti manni sínum í Mið-Meðalholtum árin 1930-1932 og síðan í Dalbæ árin 1932-1947. Hún var prýðilega hagamælt og flutti þetta kvæði skörulega í Félagslundi á 70 ára afmæli Samhygðar árið 1978.

Með kveðju. Jón M. Ívarsson.

### Sveitin mín

Bæjarhreppur blómleg sveit  
börnum sínum vel hún reynist.  
Þegar glóey gyllir heit  
grösug tún og engjareit.  
Litur penings bús á beit  
björg hjá hverri þúfu leynist.  
Bæjarhreppur besta sveit  
börnum þínum vel þú reynist.

Þar sem bóndans haga hönd  
hjálpur til að græða og prýða.  
Gerir móa gróin lönd  
göfugt starf sem lyftir önd.  
Horfir á eyjar hafs við rönd  
hringinn fjalla bláa víða.  
Sveit sem bóndans haga hönd  
hjálpur til að græða og prýða.

Æska teita ör og heit  
enni þinnar móður slétta.  
Gefðu henni gróin leiti  
græddu henni skógarreit.  
Gjöful vertu á göfug heit  
gefðu henni menning rétta.  
Æska teita ör og heit  
enni þinnar móður slétta.

Bæjarhreppur blessuð sveit  
blómgist þú um langa daga.  
Allt það besta er ég veit  
ætti að gróa í þínum reit.  
Æsku þinnar auðnuleit  
ó að verði fögur saga.  
Bæjarhreppur blessuð sveit  
blómgist þú um langa daga.

**Guðlaug Narfadóttir**

## Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

### HERBERGISKVÖLD

Hittumst í herberginu okkar í Þingborg þriðjudagskvöldið 13. apríl kl:  
20:00. Þrjónum, heklum, saumum og höfum gaman. Tekið er á mótí  
húfum. Ræðum um "Fjör í Flóa". Sjáumst hressar og kátar.

Kveðja stjórnin.

### Sveitabær óskast

**Hjón með 4 börn, hesta og fleiri dýr óska eftir  
sveitabæ til leigu í Flóahreppi. Góð umgengni og  
skilvísun greiðslum heitið. Verður að vera  
langtímaleiga. Uppl. í síma 699-6296.**

### Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverjabæjarhrepps

Aðalfundur Bf. Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn í Félagslundi  
miðvikudaginn 7. apríl og hefst hann kl. 14:00. Hefðbundin  
aðalfundarstörf. Félagar fjölmennum, nýir félagar velkomnir.

Stjórnin



## Frá Umf. Baldri

### Þingborgarmót

Hið árlega Þingborgarmót fer nú að nálgast þar sem Umf. Baldur, Umf. Skeiðamanna, Umf. Samhygð og Umf. Vaka keppa. Mótið er fyrir krakka sem eru 16 ára og yngri og er keppt í aldursflokkum. Mótið verður haldið í Þingborg þann 1. maí og hefst stundvíslega kl.10:00.

**Athugið breyttan tíma.** Ágætt væri að mæta örlítið fyrr og hita vel upp fyrir þetta skemmtilega mót. Fjölmennið krakkar og munið að skráning er á staðnum.

### Vorfundur

Vorfundur UMF Baldurs verður haldinn þann um miðjan maí. Nánar auglýst í næsta blaði.

### Hestamannakaffi

Árlegt hestamannakaffi Umf. Baldurs verður haldið í Þingborg þann 8. maí nk. Nú er um að gera að mæta í kaffi og sýna þá gæðinga sem fólk hefur alið í vetur og monta sig aðeins. Húsið opnar kl 14:00 og stendur kaffið til 17:00. Allir eru hvattir til að mætta á hvaða fararskjótum sem er!!

Ath. Kæru sveitungar, undanfarin ár höfum við haft þann háttinn á að óska eftir bakkelsi frá góðviljugum konum, jafnvel körlum í sveitinni. Ekki ætlum við að hringja á bæi en þeir sem vilja leggja okkur lið eru vinsamlegast beðnir um að koma með kökur, eða hvað sem er, í Þingborg fyrir klukkan 12:00 sama dag og kaffið er.

Skemmtinefnd Umf. Baldurs

### Þorrablótsannáll

Þeim sem langar til að kaupa þorrablótsannál Umf. Baldurs frá þorrablóti 2010 á mynddisk skulu hringja í Baldur í síma 867-3538 eða senda línu á netfangið [ballroq@hotmail.com](mailto:ballroq@hotmail.com).

# Frá Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps

## -Félagsgjöld-

Stjórn Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps vill vinsamlega biðja félagsmenn að greiða félagsgjald félagsins með því að leggja inn á reikning sem er 0152-05-260163, kt.520310-0370 og upphæðin er 1500 kr. Við hvetjum fólk til að gera þetta sem fyrst. Félagið er komið með heimasíðu en slóðin er [www.hross.weebly.com](http://www.hross.weebly.com). Þar má sjá myndir af folaldasýningum og á næstunni verða settar inn myndir úr skemmtiferð félagsins sem farin var í mars sl., en sú ferð var einkar vel heppnuð og vel tekið á móti okkur.

## Folaldasýning -Úrslit-

Glæsileg folaldasýning Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps tókst vel að viðstöddum fjölda áhorfenda. 25 folöld tóku þátt. Dómari var Steindór Guðmundsson stórbóndi á Hólum og fórst honum það verk vel úr hendi, þulur var Ágúst Guðjónsson.

Glæsileg verðlaun voru í boði fyrir vinsælasta folaldið og efsta sætið. Snorri Kristjánsson gaf folatoll undir Alvar frá Brautarholti (ósýndur foli undan Dalvari frá Auðsholtshjáleigu og Öskju frá Miðsitju) fyrir vinsælasta folaldið og Ármann Sverrisson gaf folatoll undir Loka frá Selfossi (7,96 - 8,40 a.e. 8,23 undan Smára frá Skagaströnd og Surtlu frá Brúnastöðum) fyrir efsta sætið. Glæsilegur farandbikar var fyrir efsta sætið en hann var gefinn af Magnúsi í Oddgeirshólum og börnum hans til minningar um Brynhildi Magnúsdóttur.

Úrslit urðu sem hér segir:

1. Bjartur frá Laugamýri bleikálóttur f: Krákur frá Blesastöðum 1a. m: Krafa frá Ingólfshvoli. 44,4 stig. Eigandi: Sævar Kristjánsson. Einnig kjörið glæsilegasta folaldið af áhorfendum.
2. Aría frá Langsstöðum brúnskjótt f: Álfur frá Selfossi. m: Hljá frá Langsstöðum. 42,8 stig. Eigandi: Einar Hjálmarsson og Sigurbára Rúnarsdóttir.
3. Blökk frá Brúnastöðum brún f: Arður frá Brautarholti. m: Evíta frá Litlagarði. 42,4 stig. Eigandi: Ketill Guðlaugur Ágústsson.
4. Hervör frá Brúnastöðum jörp f: Glóðafeykir frá Halakoti. m: Þórkatla frá Brúnastöðum. 40 stig. Eigandi: Ketill Guðlaugur Ágústsson.
5. Kapall frá Langsstöðum jarpur f: Álfur frá Selfossi. m: Von frá Langsstöðum. 39,6 stig. Eigandi: Trausti Hjálmarsson.

## Kvöldvaka kvenfélaganna

Hin árlega þriggja félaga kvöldvaka kvenfélaganna í Flóahreppi verður haldin fimmtudagskvöldið 29. apríl. Að þessu sinni er kvöldvakann í Þjórsárveri og hefst kl. 20:30. Á dagskrá verður ýmislegt léttmeti að vanda og kaffiveitingarnar verða á sínum stað. Kvenfélagskonur drífið hver aðra af stað og eigum saman skemmtilega stund í vorbyrjun.

Skemmtinefnd Kvenf. Villingholtshr.

## Hrósdálkurinn

Mig langar til að nota tækifærið og koma á framfæri hér í Áveitunni hrósi til Flóaskóla. Ég varð þess heiðurs aðnjótandi að fara á árs-hátíð Flóaskóla á söngleikinn Grease og það verð ég að segja að sýningin var glæsileg í alla staði. Það er ekki auðvelt að setja saman stykki sem þetta með um 80 þátttakendum en kennarar og starfsfólk Flóaskóla gerðu það með stæl. Uppsetning á verki sem þessu er gífurlega mikil vinna, allir verða að leggjast á eitt til að hlutirnir gangi upp og það tókst svo sannarlega. Þó að uppsetning á verki sem þessu sé ekki nám í hefðbundnum skilningi er þetta ómetanleg reynsla og mikilvægt nám fyrir þá sem að koma. Nemandur Flóaskóla fá sérstakt hrós fyrir frábæran leik, söng og túlkun og ekki hvað síst metnað og fagmennsku. Það verður því spennandi að sjá hvað þessir ungu leikarar gera í framtíðinni.

Kærar þakkar fyrir mig og mína.  
Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir, Lyngholti

*Ritstjórn Áveitunnar þakkar Hallfríði fyrir þennan hróspistil. Það er vel við hæfi að segja Hrósdálknum lokið í bili þar sem síðasta hrós vetrarins var til skólastjórna Flóaskóla, en það var einmitt Kristín skólastjóri sem var frumkvöðull að Hrósdálkinum í haust. Kærar þakkar til allra sem skrifuðu í dálkinn í vetur.*

*Ritstjórn*

## Dagskrá mánaðarins

Ferming í Laugardælakirkju	1. apríl
Skírdagsbingó Umf. Samhygðar	1. apríl
Páskabingó Umf. Vöku	3. apríl
Ferming í Laugardælakirkju	4. apríl
Hátíðarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju	4. apríl
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	4. apríl
Hátíðarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju	5. apríl
Æfing yngri	6. apríl
Ípróttæfing 5.-7. Bekkur	7. apríl
Ípróttæfing 8. bekkur og eldri	7. apríl
Aðalfundur Bf. Gaulverjabæjarhrepps	7. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélag Villingh.hr.	8. apríl
Opið hús hjá Kvf. Villingaholtshr.	9. apríl
Flóahlaup Umf. Samhygðar	10. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélag Villingholtshrepps	11. apríl
Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar	12. apríl
Glímuæfing	12. apríl
Herbergiskvöld Kvf. Hraungerðishr.	13. apríl
Æfing yngri	13. apríl
Ípróttæfing 5.-7. Bekkur	14. apríl
Ípróttæfing 8. bekkur og eldri	14. apríl
Ípróttadagur í Þjorsárveri	16. apríl
Glímuæfing	19. apríl
Skila þátttökutilkynningum f. Fjör í Flóa	20. apríl
Æfing yngri	20. apríl
Ípróttæfing 5.-7. Bekkur	21. apríl
Ípróttæfing 8. bekkur og eldri	21. apríl
Harmonikkuball í Básnum	21. apríl
Víðavangshlaup Umf. Vöku	22. apríl
Glímuæfing – lokaæfing	26. apríl
Æfing yngri	27. apríl
Ípróttæfing 5.-7. Bekkur	28. apríl
Ípróttæfing 8. bekkur og eldri	28. apríl
Kvöldvaka kvenfélaganna	29. apríl
Þingborgarmót	1. maí



*Gleðilega páska!*